

staðar, réttarskjal nr 6, sé bindandi fyrir þá, sem viðskipti hafi haft við Fóðurmjölsverksmiðjuna, og beri bæjarsjóður Neskaupstaðar ekki ábyrgð á rekstri hennar, sbr. 2. og 10. gr. nefndrar reglugerðar. Krefst því stefndur sýkunar í máli þessu.

Rétturinn litur svo á, að með reglugerð bæjarstjórnar Neskaupstaðar, réttarskjal nr. 6, sbr. 2. og 10. gr., þá hafi bæjarstjórn Neskaupstaðar lýst því yfir, svo bindandi sé fyrir þá, sem viðskipti hafi haft við verksmiðjuna, að rekstur hennar sé bæjarsjóði óviðkomandi, enda hefur reikningshald verksmiðjunnar verið algjörlega sundurskilið frá rekstri bæjarins.

Hvað því viðvikur, að bæjarstjórn hafi bakað sér skaðabótaábyrgð með því að gefa ekki Fóðurmjölsverksmiðjuna upp til gjaldþrotaskipta, þar eð hún hafi ekki átt fyrir skuldum og stöðugt verið rekin með halla, þá álitur rétturinn, að slíka skaðabótakröfu sé ekki hægt að taka til greina, nema með því móti, að bæjarstjórn hafi sýnt af sér refsivert athæfi, hvað þetta atriði snertir. Telur rétturinn að fyrir slíku hafi ekki komið fram sannanir í máli þessu og tekur því þá kröfu ekki til greina. Málskostnaður fellur niður.

Dví dæmist rétt vera:

Jón Sigfússon f. h. Neskaupstaðar skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Freymóðs Þorsteinssonar málflutningsmanns f. h. h/f Shell á Íslandi.

Mánudaginn 16. júní 1941.

Nr. 76/1940. **Freygarður Þorvaldsson** (Theódór B. Lindal)
gegn

Eimskipafélagi Íslands h/f
(Einar B. Guðmundson).

Frestun. Nýjar upplýsingar.

Úrskurður hæstaréttar.

Stefndi hefur ekki í máli þessu leitt sönnur að því, að nokkur þau atvik hafi gerzt í ferð þeirri, sem í málinu greinir, er leysi hann undan skyldu til þess að bæta spjöll á bifreið þeirri, sem hér er um að tefla, enda hefur hann ekki með skírskotun sinni í fylgibréfi með bifreiðinni til fyrirvara í farmskírteini, sem ekki var fengið áfrýjanda í

hendur, leyst sig undan ábyrgð á þessum spjöllum. En áður en dæmt verður um bætur, þykir samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936 nauðsynlegt að veita áfrýjanda kost á því að láta fram koma skýrslu um aldur bifreiðarinnar, verð hennar nýrrar og söluverð hennar til Vilhjálms Jónssonar á Akureyri, og að afla mats dómkvaddra kunnáttumanna um hæfilegan frádrátt á bótahæðinni samkvæmt matsgerð þeirri, sem fram hefur verið lögð í málinu, vegna fyrningar bifreiðarinnar.

Því úrskurðast:

Máli þessu skal frestað, og veitist áfrýjanda kostur á að afla framangreindra upplýsinga.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. maí 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 23. febrúar s. l. af Freygarði Þorvaldssyni vélstjóra, hér í bæ, gegn Eimskipafélagi Íslands h/f, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 1673.71, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar og matskostnaðar að skaðlausu skv. framlögðum reikningi eða eftir mati dómsins.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar skv. mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að hinn 21. nóv. 1938 sendi stefnandi þessa máls 7 manna Buick bifreið með e/s Dettifoss frá Reykjavík til Akureyrar. Fylgibréf var gefið út um flutning þennan, og segir þar m. a., að sendandi og viðtakandi séu háðir þeim reglum um flutning í skipum félagsins, sem prentaðar séu í farmskírteini þess. Bifreiðin, sem var umbúðalaus, var bundin ofan á eina af „lestarmillumbílfarslúkum“ skipsins, en á leiðinni norður mun bifreiðin hafa losnað í lestinni og skemmt nokkuð, og varð það, að sögn stefnanda, til þess, að maður sá á Akureyri, er ætlað hafði að kaupa bifreiðina, neitaði að taka við henni, en bifreiðin mun síðan hafa legið á afgreiðslu stefnds á Akureyri til 26. sept. 1939. Með bréfi dags. 11. marz, 1939 krafðist stefnandi þess, að stefndur bætti sér það tjón, er hann taldi sig hafa beðið af nefndum orsökum, og rökstuddi hann þá, eins og í máli þessu, kröfu sína með því, að óforsvaranlegum umbúnaði í lest e/s Dettifoss væri að kenna um skemmdir þær, er bifreiðin hafi orðið fyrir Stefndur vísaði hins vegar kröfum þessum algerlega á bug í bréfi dags. 31. s. m. Leið svo fram til 16. sept. 1939, að stefnandi bað bæjarfógetann á Akur-

eyri að útnefna tvo menn til að meta skemmdir þær, er umrædd bifreið hafði hlotið um borð í e/s Dettifoss á leiðinni til Akureyrar, og voru menn þessir útnefndir þann 18. s. m. Matsgerðin fór síðan fram 23. s. m., án þess að séð verði, að menn af hálfu stefnds hafi verið þar viðstaddir eða gefinn kostur á því.

Matsmennirnir möttu (sic) skemmdir á bifreiðinni á samtals kr. 1673.71, sem er hin umstefnda upphæð, auk vaxta og kostnaðar.

Sýknukröfu sína byggir stefndur bæði á því, að skv. 147. gr. siglingalaganna svo og skv. ákvæðum framskirteina félagsins, sem áður nefnt fylgibréf vitnar í, beri hann ekki ábyrgð á tjóni því, er bifreið stefnanda hafi orðið fyrir við nefnt tækifæri. — Skv. leiðar-bók e/s Dettifoss, þann 20. (sic) nóv. 1938, er skipið var á ferð fyrir Vestfjörðum, frá höfn til hafnar, hreppti það slæmt veður (Vindur NA 6, kl. 4—8 f. h., síðar NA 8 og sjór 8). Valt skipið mikið, og tók sjó inn yfir þilför og „lúkur“, og er tekið var ofan af lestum, kom í ljós, að bill stefnanda hafði slitið (nagað sundur) eitt af böndunum, sem hann var bundinn með, svo los hafði komið á hin böndin, og billinn náð til að slást út í „lúku“-karminn og skemmt á sér húsið, sér í lagi að aftan. Með tilliti til þess, svo og þess, að billinn var umbúðalaus, þykir tjón það, sem upplýst er, að hann hafi orðið fyrir við flutning þennan, hafa orðið með þeim hætti, að stefndur beri ekki ábyrgð á því skv. 147. gr. siglingalaganna, auk þess sem stefndur hefur í hinum tilvitnuðu farmskirteinisákvæðum undanskilið sig ábyrgð á tjóni sem þessu, enda verður, eins og á stóð, ekki séð, að óforsvaranlegum umbúnaði af hálfu stefnds hafi verið að kenna um, að skemmdir þessar urðu á bifreiðinni. Þykir því verða að sýkna stefndan af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Réttinn skipuðu hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Jóhann Ólafsson stórkaupmaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, h/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Freygarðs Þorvaldssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.